

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jóhann Þórir Bjarnason, fæddur 17. september 1948, skal sæta varðhaldi í 40 daga.

Ákærði greiði kr. 5.000.00 í sekt til ríkissjóðs.

Verði sektin eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa að telja, komi varðhald í 20 daga í hennar stað.

Upptæk til eyðinga: skulu 225.6 gr af hassi, merkt efnaskrá nr. 787.

Ákærði greiði sakarkostnað.

Föstudaginn 25. mars 1983.

Nr. 267/1981. **Eggert Ó. Sigurðsson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Ingibjörgu Eggertsdóttur

(Jón Oddson hrl.)

og Böðvari Bragasyni,

skiptaráðanda í Rangárvallasýslu.

Skiptamál. Búskipti. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. desember 1981. Hann gerir þessar dómkröfur:

1. „Eignir búans verði þær, sem taldar eru tæmandi í uppskrift matsmanna í endurriti úr skiptabók Rangárvallasýslu frá 30. ágúst 1980, samtals að fjárhæð gkr. 54.706.000,00.“
2. „Skuldir verði taldar þær, sem frá greinir í áður nefndri uppskrift gkr. 18.910.101,00 auk kaupkröfu varnaraðila, sbr. bréf hans, dags. 14. mars 1981, gkr. 87.734.550,00, eða aðra lægri fjárhæð að mati dómsins.“

3. „Tekið sé boði áfrýjanda um, að hann taki við öllum eignum búsins og taki að sér að greiða skuldir þess, en til vara, að áfrýjanda verði gefinn kostur á að leysa til sín eignir búsins gegn peningagreiðslu á virðingarverði skv. uppskriftinni frá 30. ágúst 1980.“

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu Ingibjargar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 30. desember 1981.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á hendur stefnda, Böðvari Bragasyni skiptaráðanda, eru engar kröfur gerðar og engar kröfur gerðar af hans hálfu.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti kom fram, að ágreiningur aðilja í þeim þætti málsins, sem 1. töluliður í kröfum áfrýjanda lýtur að, snýst um það, hvort þriggja herbergja íbúð að Skarphéðingsötu 6 í Reykjavík, hlutabréf í Görðum h/f að nafnverði 160.000 gkr. og Volvo fólksbífið L 1566 skuli taldar með eignum búsins, en svo var ekki gert við uppskrift þá, er hófst 11. júní 1980, en lauk 30. ágúst s. á. Þykir mega skilja þennan kröfulið áfrýjanda svo, að hann krefjist þess, að þessar eignir verði ekki taldar með eignum búsins við skipti á því. Enn fremur þykir mega skilja þennan kröfulið hans þannig, að við skiptin verði miðað við það matsverð á eignum, sem segir í fyrrnefndri uppskriftar- og virðingargerð, eða 54.706.000 gkr.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, krafðist stefnda opinberra skipta á dánarbúi Önnu móður sinnar með bréfi til skiptaráðanda í Rangárvallasýslu 17. júlí 1979. Ekki er upplýst, hvenær skiptaráðandi fékk bréf þetta í hendur, en hann svaraði því með bréfi 24. ágúst 1979 og hafnaði kröfu stefndu um opinber skipti, þar sem búið hefði verið eignalaust, er Anna lést 11. maí 1949. Þykir ósannað, að krafa stefndu um skiptin hafi komið í hendur skiptaráðanda fyrr en 24. ágúst 1979. Í dómi Hæstaréttar 24. mars 1980 (Hrd. 1980, bls. 833) segir, að fara eigi með skipti á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur, „eftir að krafa um opinber skipti hefur komið fram, eins og varnaraðili Eggert Ó. Sigurðsson hefði setið í óskiptu

búi eftir andlát eiginkonu sinnar“. Stefnda er fædd 11. mars 1947. Þegar hún krafðist skipta, voru liðin rúmlega ellefu og hálf ár, síðan hún náði fjárræðisaldri, sbr. lög nr. 75 19. desember 1967. Allan þann tíma hafði stenda ekki gert neina kröfu til búskipta. Hafði hún þannig í raun sætt sig við þá meðferð á dánarbúi móður sinnar, sem í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar er jafnað til þess, að faðir hennar hefði setið í óskiptu búi. Samkvæmt því þykir mega lita svo á, að ársfyrirvari sá, sem um ræðir í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 8/1962, eigi hér við. Þykir því rétt að miða búskiptin við þær eignir, sem til voru í búinu, þegar uppskrift lauk 30. ágúst 1980, en þá var liðið ár og nokkrir dagar, frá því að skiptakrafan kom fram. Á þeim tíma voru bæði bifreiðin L 1566 og íbúðin að Skarphéðingsgötu 6 meðal eigna búins. Samningur sá um afnot íbúðarinnar, sem áfrýjandi gerði við fyrrverandi sambýliskonu sína og greint er frá í hinum áfrýjaða úrskurði, var gerður 13. september 1979, innan framangreinds ársfrests. Stefnda hefur ekki látið á það reyna, hvort samningur þessi væri riftanlegur, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 8/1962. Áfrýjandi seldi hlutabréf sín í Görðum h/f 2. júní 1980, að því er fram kemur af gögnum málsins. Ekki hefur heldur verið látið á það reyna, hvort sú ráðstöfun væri riftanleg. Verða hlutabréf þessi því ekki talin til eigna búins.

Samkvæmt því, sem nú er rakið, ber við skipti á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur að miða við eignir þær, sem fram komu við áður-nefnda uppskriftargerð, eftir því sem kostur er, að viðbættri íbúðinni að Skarphéðingsgötu 6 og bifreiðinni L 1566.

Leggja ber til grundvallar við skiptin verðmæti eignanna, eins og það verður við skiptalok.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um að hafna kaupkröfu áfrýjanda í búið. Í úrskurðinum segir, að engu verði slegið föstu um skuldir búins á þessu stigi skiptamedferðar, þar sem þær geti breyst frá upphafi til loka skipta. Þykir mega skýra niðurstöðu úrskurðarins svo, að hafnað sé kröfu áfrýjanda um, að skuldir verði taldar þær, sem í uppskriftargerðinni greinir. Ber að staðfesta þá niðurstöðu.

Ákvæði skiptaréttarúrskurðarins um að frávísa að svo stöddu kröfu áfrýjanda um útlagningu eigna búins ber að skýra svo, að hafnað sé að svo stöddu tilboði hans um yfirtöku á eignum búins

gegn greiðslu skulda þess. Þykir rétt að líta svo á, að þar sé um að ræða sömu kröfu og áfrýjandi hefur uppi í 3. tölulið krafna sinna fyrir Hæstarétti sem aðalkröfu. Eru ekki efni til að taka þá kröfu til greina að svo stöddu og ekki heldur varakröfu þá, sem í þeim tölulið greinir, með þeim skilyrðum, sem þar segir.

Ákvæði skiptaréttarúrskurðarins um málskostnað á að vera óraskað.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafvarnar- og gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, samtals 12.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Við skipti á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur ber, eftir því sem við verður komið, að miða við þær eignir, sem fram komu við uppskriftargerð, sem lauk 30. ágúst 1980, að viðbætti áðurgreindri íbúð að Skarphéðinsgötu 6 í Reykjavík og bifreiðinni L 1566. Leggja ber til grundvallar skiptum verðmæti eigna við skiptalok.

Kaupkrafa áfrýjanda, Eggerts Ó. Sigurðssonar, í búið er ekki tekin til greina.

Krafa áfrýjanda um, að skuldir búsins við skiptalok verði taldar 18.910.101 gkr., er ekki tekin til greina.

Kröfum áfrýjanda um yfirtöku eða innlausn eigna dánarbúsins er hafnað að svo stöddu.

Ákvæði hins áfrýjaða úrskurðar um málskostnað er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafvarnar- og gjafsóknarkostnaður áfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, samtals 12.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Með dómi Hæstaréttar 17. desember 1979 var dæmt, að taka

skyldi til opinberra skipta dánarbú látinnar móður stefndu Ingibjargar, en eiginkonu áfrýjanda, Önnu Sigurðardóttur, er andaðist 11. maí 1949. Með dómi Hæstaréttar 24. mars 1980 var enn fremur dæmt, að hin opinberu skipti eftir Önnu ættu fram að fara, eins og áfrýjandi hefði setið í óskiptu búi eftir andlát hennar, og bæri skiptaráðanda að láta fara fram uppskriftar- og virðingargerð á hinu óskipta búi, eins og það væri þá. Þar sem stefnda Ingibjörg var ólöggráða við andlát móður sinnar og með vísan til greindra dóma Hæstaréttar tel ég, að 2. mgr. 14. gr., sbr. 59. gr. laga nr. 8/1962 eigi ekki við um skipti þau, er nú fara fram á búi þessu.

Að gengnum dómum Hæstaréttar bar skiptaráðanda að láta skrifa upp og virða búið sem fyrst, sbr. 15. gr. laga nr. 3/1878. Sú gerð hófst þó ekki fyrr en 11. júní 1980. Var henni síðan fram haldið hinn 30. ágúst s. á. Við uppskrift þessa urðu ekki taldar með sem eignir búsins þau verðmæti, er fram til þess tíma hafði verið ráðstafað úr búinu fyrir löggerninga áfrýjanda við aðra aðilja, nema þeim ráðstöfunum væri hrundið, en til þess var skiptarétturinn ekki bær, sbr. 35. gr. laga nr. 3/1878.

Samkvæmt þessu fellst ég á úrlausn meiri hluta dómenda um uppskrift á hlutabréfum í Gördum h/f, bifreiðinni L 1566 og íbúð á Skarðhédinsgötu 6, en svo sem greinir í atkvæði þeirra, má eftir málflutningi líta svo á, að ágreiningur aðilja varði allar þessar eignir. Að öðru leyti eru í 1. lið dómkröfu áfrýjanda eða í málflutningi ekki tilteknað neinar ákveðnar eignir, sem krafist er, að haldið verði utan skipta. Ber því að vísa þessum þætti dómkröfunnar að því leyti sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar tel ég, að staðfesta megji hann að því er varðar kaupkröfu áfrýjanda í 2. lið dómkröfu hans fyrir Hæstarétti, en eftir málflutningi er ekki ágreiningur um aðrar einstakar skuldir búsins, sem fram voru taldar við uppskriftargerðina.

Þá tel ég og, að staðfesta megji úrlausn skiptaráðanda um 3. lið dómkröfu áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Ég er samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um málskostnað og gjafsóknarlaun.

Úrskurður skiptaréttar Rangárvallasýslu 12. nóvember 1981.

Skiptamál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum mál-

flutningi hinn 15. október sl., varðar ágreiningsefni erfingja í dánar- og félagsbú Önnu Sigurðardóttur og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, um það, hvort tilteknar eignir og skuldir búsins, svo sem nánar verður rakið síðar, skuli falla undir búskipti,

Bú þetta er nú til opinberrar skiptameðferðar fyrir skiptarétti Rangárvallasýslu.

Erfingjar búsins eru:

Eggert Ó. Sigurðsson, eftirlifandi maki, og tvö börn þeirra hjóna, Ingibjörg Eggertsdóttir og Sigurður Eggertsson.

Sóknaraðili skiptamáls þessa er Ingibjörg Eggerstdóttir.

Varnaraðili er Eggert Ó. Sigurðsson.

Samkvæmt greinargerðum aðilja, dskj. nr. 38 og 39, bókunum fyrir skiptarétti Rangárvallasýslu 2. október sl., framlögðum skjölum þann dag og hinn 15. október sl. eru dómkröfur til úrlausnar í skiptamáli þessu sem hér segir:

Kröfur sóknaraðilja eru þessar:

1. Að eftirfarandi eignir verði dregnar undir skiptin.

- A. Jörðin Smáratún í Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu, ásamt húsum og mannvirkjum, svo sem eign þessari er lýst og upp er talið í tl. 1—19 A í uppskriftargerð hinn 30. ágúst 1980, og eign þessi verði endurmetin miðað við verðlag, þegar og ef til úthlutunar kæmi.
- B. Uppskrifaðar eignir, sbr. endurrit úr skiptabók Rangárvallasýslu 10. desember 1980, þ. e. eignarhluti búsins í hlutabréfum í Görðum h/f, bifreiðin L 1566, 3ja herb. íbúð að Skarphéðinsgötu 6, Reykjavík, ásamt öllu, er eigninni fylgir og fylgja ber, og eignin komi til mats án tilgreindra kvaða og sama gildi um aðrar eignir í þessum þætti.
- C. Peningagreiðslur, kr. 34.900.00, er féllu til búsins, eftir að það var komið til skipta, sbr. kaupsamning, dags. 7. júní 1979, milli varnaraðilja, Eggert Ó. Sigurðssonar, og hins vegar Ólafs Einarssonar o. fl., dskj. nr. 14, 3 tl., b og c, auk vaxta.
- D. Lausafé og peningar, þ. m. t. krafa um innköllun í bönkum, svo og innbú og annað, er kann að teljast til eigna búsins. Einnig innstæður í stofnlánadeildum og önnur verðmæti, er tilheyra búinu samkvæmt könnun skiptaráðanda.

2. Skuldum búsins er af hálfu sóknaraðilja mótmælt, nema þær séu búinu sannanlega viðkomandi.

Kröfulýsingu varnaraðilja í búið, kr. 877.345.00, er alfarið mótmælt sem búinu óviðkomandi.

Öðrum hugsanlegum kröfum er og mótmælt að svo stöddu, þar til hægt sé að taka efnisafstöðu til þeirra, er þær hafa verið studdar það skýrum gögnum, að hægt sé að fjalla um þær. Áskilinn er þó allur frekari réttur til að taka afstöðu til hugsanlegra krafna á búið eftir því sem síðar kann fram að koma í málinu.

Komi fram réttmæt krafa um, að varnaraðili eða annar hugsanlgur aðili málsins leysi til sin eignir búðsins að hluta til eða öllu leyti, er gerð krafa um endurmat á verðgildi eigna og verðmæta miðað við innlausnardag og útborgun arfshluta.

Ítrekuð er krafa til skiptaráðanda um viðeigandi aðgerðir og ráðstafanir til riftunar og endurheimtu þeirra verðmæta, er kunna að hafa verið ráðstafað í bága við kröfur sóknaraðilja. Á sama hátt verði gerðar ráðstafanir af hálfu skiptaráðanda til tryggingar fébótakrafna varðandi meðferð varnaraðilja á búinu, svo sem ef ráðstafanir hans hafa skert eignir búðsins eða eignir hafi rýrnað vegna aðgerða hans eða aðgerðarleysis.

Þá er og af hálfu sóknaraðilja ítrekuð sú krafa, að skiptaréttur svipti varnaraðilja öllum umráðum búðsins.

Þá gerir sóknaraðili kröfu til, að varnaraðilja verði gert að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Kröfur varnaraðilja eru þessar:

Að öllum kröfum sóknaraðilja, sem ganga í berhögg við kröfur og málsútlitun varnaraðilja, verði hrundið og búskiptin fari þannig fram:

1. Eignir búðsins verði þær, sem taldar eru ænandi í uppskrift matsmanna 30. ágúst 1980, samtals að fjárhæð kr. 547.060.00.
2. Skuldir verði taldar þær, sem frá greinir í áður nefndri uppskrift, kr. 189.101.00, auk kaupkröfu varnaraðilja, sbr. kröfulýsingu hans, að fjárhæð kr. 877.345.00.

Varnaraðili býðst til þess að taka við öllum eignum búðsins og til þess að taka að sér að greiða skuldir þess, sbr. 47. og 59. gr. skiptalaga nr. 3/1878.

Af hálfu varnaraðilja er gerð krafa til þess, að málskostnaður verði til dæmdur gjafvarnarhafa úr hendi sóknaraðilja, eins og málið væri eigi gjafvarnarmál, en dómsmálaráðuneytið hefur veitt varnaraðilja gjafvörn í málinu með bréfi, dags. 13. október 1981. Þá gerir lögmaður varnaraðilja kröfu til þess, að honum verði til dæmd málsvarnarlaun úr rikissjóði sem skipuðum talsmanni varnaraðilja.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Lögmenn aðilja hafa óskað eftir því, að framangreind ágreiningsatriði verði tekin í einu lagi til úrskurðar fyrir skiptaréttinum.

Málavextir.

Tildrög opinberrar skiptameðferðar bús þessa er beiðni sóknaraðilja, dags. 17. júlí 1979, til sýslumanns Rangárvallasýslu, þar sem óskað var opinberra skipta á dánarbúi Önnu Sigurðardóttur, Ámundakoti, Fljóts-hlíðarhreppi, sem andaðist hinn 11. maí 1949. Skiptameðferð var mótmælt af hálfu varnaraðilja og ágreiningsefninu vísað til úrskurðar dóms.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 17. desember 1979, var niðurstaðan sú, að taka skyldi búið til opinberrar skiptameðferðar.

Annað ágreiningsefni kom síðan upp á milli aðilja, og varðaði það réttarstöðu varnaraðilja og uppskrift búsins sem grundvöll skiptameðferðar. Deiluefni þessu var einnig vísað til úrskurðar dóms.

Með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 24. mars 1980, var því slegið föstu, að varnaraðili hefði setið í óskiptu búi eftir andlát konu sinnar. Var skiptaráðanda gert að láta fram fara uppskriftar- og virðingargerð á búinu að nýju.

Enduruppskrift hefur farið fram í búinu, og gefin var út opinber innköllun vegna búsins.

Á skiptafundi í búinu 26. september 1980 var þess krafist af hálfu sóknaraðilja, að varnaraðili yrði formlega sviptur umráðum og afnotum eigna búsins og umráðin fengin skiptarétti í hendur. Varnaraðili mótmælti þessu, og var ágreiningsefnið falið skiptaréttinum til úrlausnar. Með úrskurði, uppkveðnum í skiptarétti Rangárvallasýslu hinn 24. nóvember 1980, var þessari kröfu sóknaraðilja hafnað. Þeim úrskurði var ekki skotið til Hæstaréttar.

Innköllumarfrestur í búið rann út hinn 26. mars 1981. Aðeins ein kröfuglysing barst, var hún frá varnaraðilja vegna ógreidds ráðsmannskaups, er sú krafa meðal ágreiningsatriða til úrlausnar í þessu skiptamáli.

Rétt þykir að rekja nánar þau gögn málsins, er einkum varða þau ágreiningsatriði aðilja, er hér eru til úrlausnar.

Við uppskrift á búinu, sem hófst fyrir skiptaréttinum hinn 11. júní 1980, sagði varnaraðili til eigna og skulda búsins. Hann upplýsti, að með kaupsamningi, dags. 7. júní 1979 (dskj. nr. 14), hafi hann selt leigutökum jarðarinnar Smáratúns allan búpening sinn, vélar sínar og tæki. Í júlí 1979 hafi hann fest kaup á 3ja herb. íbúð að Skarphéðingsgötu 6, Reykjavík. Upplýsti varnaraðili, að fyrrum sambýliskona sín, Sigurbjörg Guðjónsdóttir, hafi fengið rétt til að búa í þeirri íbúð til lífstíðar án endurgjalds samkvæmt samningi þeirra þar um, dags. 13. september 1979 (dskj. nr. 16). Með samningi þessum áttu að vera komin á full og endanleg skil á fjárskiptum aðilja vegna sambúðar og fjárfélags þeirra.

Þá upplýsti vanaraðili, að hann hafi selt þau hlutabréf, sem hann átti í Görðum h/f, hinn 2. júní 1980 að fengnu samþykki stjórnar félagsins.

Kaupandi var Guðrún Sveinsdóttir, ráðskona varnaraðilja, sem fékk þau sem greiðslu upp í hússtörf, og voru hlutabréfin seld á nafnverði þeirra, kr. 1.600.00.

Ofangreindum eignum, þ. e. 3ja herbergja íbúð að Skarphéðinsgötu 6, Reykjavík, hlutabréf í Görðum h/f svo og bifreiðin L 1566, sem varnaraðili fékk á sínum tíma til eigin nota vegna örorku sinnar með niðurfellingu aðflutningsgjalda, var haldið utan við uppskriftargerð búsins, þar sem ekki var um það samkomulag, að þær skyldu dregnar undir skiptin.

Uppskriftargerð lauk svo hinn 30. ágúst 1980, og samkvæmt henni voru eignir búsins metnar á kr. 547.060.00, en skuldir taldar kr. 189.101.00. Á skiptafundi í búinu hinn 26. september 1980 var samþykkt, að framangreindar eignir, sem haldið var utan uppskriftar, yrðu metnar til peningaverðs án viðurkenningar á því, að þær eignir yrðu dregnar undir skiptin. Verðmættamat þetta fór fram hinn 10. desember 1980 að lokinni undangenginni gagnaðflun matsmanna.

Samkvæmt ákvörðun skiptafundar fór fram opinber innköllun á skuldum búsins. Innköllunarfrestur rann út hinn 26. mars sl., eins og fyrr greinir, og barst aðeins ein kröfulýsing, kaupkrafa varnaraðilja að fjárhæð kr. 877.345.00 (dskj. nr. 34).

Varnaraðili seldi bifreið sína, L 1566, Guðrúnu Sveinsdóttur, Smáratúni, samkvæmt afsali, dags. 20. ágúst sl. (dskj. nr. 35). Þessari ráðstöfun hefur verið mótmælt af hálfu sóknaraðilja.

Aðiljum var gefin kostur á því að setja fram rökstuddar tillögur sínar um skiptagrundvöll búsins, og eru það greinargerðir þeirra á dskj. nr. 38 og 39, sem liggja til grundvallar þeim atriðum, sem um er deilt í máli þessu, er aðiljar höfðu lýst því yfir, að þeir óskuðu þess, að kröfur þeirra yrðu sameinaðar og úr þeim leyst í einu lagi, var mál þetta tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 2. október sl. Málið var síðan endurupptekið hinn 15. október sl. vegna nýrra gagna og tekið til úrskurðar að nýju að loknum endurflutningi þann dag.

Ekki þykir ástæða til að rekja gögn málsins frekar.

Um gang skiptameðferðar bús þessa að öðru leyti vísast í fyrri úrskurði skiptaréttarins.

Málsástæður og lagarök.

Varðandi kröfur sínar í máli þessu vísar sóknaraðili að mestu til laga og reglna um skipti á dánar- og félagsbúum. Kröfur sínar séu í samræmi við gildandi rétt. Tvímælalaust tilheyrir tilgreindar eignir í kröfugerð hans búinu. Vegna framkomu varnaraðilja í málinu hafi búskipti dregist óeðlilega mikið og því sé krafa um vexti af lausafé og endurmat eigna eðlileg. Meta beri verðmæti til raungildis við lok skipta og þegar til úthlutunar

kemur. Eigi liggi fyrir nein haldbær gögn til að taka afstöðu til hugsanlegra skulda búsins, enda slíkum kröfum mótmælt vegna „preklusivra“ áhrifa. Eina krafan, sem lýst hafi verið í búið, sé krafa varnaraðilja, sem sé svo mikil fjarstæða, að varla þurfi að ræða hana frekar. Er hér vísað til gildandi laga og réttar, þ. m. t. „confusio“-áhrif. Kröfum sóknaraðilja sé mjög í hóf stillt og reynt að draga upp rétta mynd af efnahag búsins. Vakin er athygli á því, að uppskrift hefur aldrei verið lokið, svo sem varðandi lausafé og könnun hjá bönkum og stofnlánadeildum. Reynt hafi verið ítrekað að semja við varnaraðilja, en án árangurs, og sé því kröfugerð þessi nauðsynleg. Vegna framkomu varnaraðilja í máli þessu telur sóknaraðili, að rik ástæða sé til, að varnaraðilja verði gert að greiða sér refsímálskostnað.

Varnaraðili rökstyður kröfur sínar og sjónarmið gegn dómkröfum sóknaraðilja í samræmi við framsetningu sóknaraðilja á kröfugerð sinni í greinargerð.

1. A. Af hálfu varnaraðilja er engin athugasemd gerð vegna uppskriftar og virðingar eigna samkvæmt uppskriftargerð 30. ágúst 1980.

B. Mótmælt er harðlega, að svokallaðar eignir undir þessum lið verði taldar með eignum búsins. Varnaraðili rökstyður mótmæli sín nánar í þessu efni þannig:

Hlutabréf í Görðum h/f hafi hann selt Guðrúnu Sveinsdóttur 2. júlí 1980 og hafi þau verið seld á nafnverði, kr. 1.600.00. Verðmætamat þeirra, kr. 15.000.00, hafi síðan verið út í hött og óviðkomandi búskiptum.

Varðandi bifreiðina L 1566 sé um að ræða örorkubifreið, sem varnaraðili hafi keypt sérstaklega til eigin afnota og sé háð öllum þeim skilyrðum, sem slíkar bifreiðar séu. Bifreiðin hafi verið seld, og eru endurtekin öll fyrri mótmæli gegn því, að bifreiðin verði dregin inn í skiptin.

Varðandi 3ja herb. íbúð að Skarphéðinsgötu 6, Reykjavík, hafi greinilega komið fram í skjölum málsins, hvernig afskiptum varnaraðilja af þessari íbúð sé farið. Fyrrverandi sambýliskona hans og móðir barna hans margra fékk þessa íbúð sem eins konar umbun upp í störf hennar og barnanna við bú varnaraðilja. Ef íbúðin væri reiknuð til fulls verðs sem eign varnaraðilja eða bú hans, þá ætti Sigurbjörg Guðjónsdóttir, sambýliskona, óskoraða kröfu á varnaraðilja vegna ráðskonukaups og fleira. Þess vegna og vegna þeirrar kvaðar, sem íbúðinni fylgir um afnotarétt Sigurbjargar Guðjónsdóttur, sé hagkvæmara, að íbúðin teljist ekki með sem eign búsins, heldur beri að skoða það svo, að Sigurbjörgu hafi verið greidd hennar skuld með þeirri skuldbindingu, að íbúðin sé til afnota fyrir hana, á meðan hún þarf þess með. Að þessu athuguðu sé því eindregið mótmælt, að íbúðin að Skarphéðinsgötu 6 sé talin með eignum búsins. Matsmenn hafi ekki heldur talið unnt, svo raunhæft væri, sbr. matsgerð frá 10. desember 1980,

að meta íbúðina til peningaverðs með þeirri kvöð, sem á henni hvílir samkvæmt samningi um slit á fjárfélagi milli Eggerts Ó. Sigurðssonar og Sigurbjargar Guðjónsdóttur. Þessi samningur hafi ekki verið vefengdur af sóknaraðilja og því verið slegið föstu með dómi Hæstaréttar frá 24. mars 1980, að varnaraðili hafi haft full umráð búins, síðan kona hans lést.

C. Allar þær greiðslur peninga, sem tilgreindar séu af sóknaraðilja undir þessum lið, hafi farið til þess að greiða íbúðina að Skarphéðinsgötu 6, svo hægt væri að fullnægja ákvæðum fyrrgreinds samnings varnaraðilja við sambýliskonu hans. Þetta sé með öllu óraunhæf krafa hjá sóknaraðilja, því að peningar þessir liggi ekki fyrir í búinu og hafi aldrei verið taldir með eignum þess.

D. Varðandi kröfu sóknaraðilja samkvæmt þessum lið um innköllun í bönkum og um innstæður í stofnlánadeildum er af hálfu varnaraðilja mótmælt sem bábilju. Stofnlánadeildir varðveiti ekki innstæður og annað sé eftir því. Allar eignir í lausafé og peningum komi fram í uppskrift hinn 30. ágúst 1980.

2. Skuldir búins.

Sóknaraðili hafi mótmælt kröfu varnaraðilja um kaupgreiðslur án þess að færa að því nokkur rök, að krafan sé of hátt reiknuð. Hér verði að koma til athugunar, að þegar varnaraðili tók við búinu eftir lát eiginkonu sinnar, átti búið sannanlega ekki fyrir skuldum. Það sé ekki með nokkru móti hægt að ætlast til þess, að einstaklingur eyði miklum hluta ævi sinnar til þess að vinna fyrir aðra fyrir ekki neitt. Það sé í algeru samræmi við það, sem eðlilegt megi telja, að varnaraðili fái laun fyrir starf sitt og að sú krafa fýrnist ekki fremur en krafa ráðskonu fyrir ógreitt kaup, á meðan starfið er óslitið. Því sé eigi heldur haldið fram, að krafan sé að einhverju eða öllu leyti fyrnd, og komi því sú málsástæða eigi til greina. Þá leggi sóknaraðili fram algerlega órökstudd mótmæli gegn öllum skuldum búins og því sé þess krafist af hálfu varnaraðilja, að allar skuldirnar, eins og þeim hefur verið lýst og skrifaðar upp, verði teknar til greina.

Niðurstaða.

Svo sem rakið hefur verið, er ágreiningur með aðiljum varðandi eignir og skuldir búins svo og skiptameðferðina í því sambandi. Við úrlausn þeirra ágreiningsatriða skiptir réttarstaða varnaraðilja meginmáli.

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 28/1980 hefur verið kveðið á um það, hvaða sjónarmið laga skuli lögð til grundvallar skiptameðferð búss þessa. Er svo litið á, að varnaraðili hafi setið í óskiptu búi frá andláti eiginkonu sinnar og haga skuli skiptameðferð nú í samræmi við það.

Ákvæði II. kafla erfðalaga nr. 8/1962 um óskipt bú eigi því við, er réttarstaða varnaraðilja og skiptameðferð búins er metin.

Krafa sóknaraðilja um skipti var sett fram með bréfi til skiptaráðanda Rangárvallasýslu, dags. 17. júlí 1979. Svo sem mál þetta er vaxið, þykir 1. mgr. 14. gr. erfðalaga nr. 8/1962 eiga við um skiptakröfu þessa og beri því að leggja til grundvallar skiptum eignir búins á þeim tíma, er krafa sóknaraðilja kom fram.

Að því er varðar ráðstafanir varnaraðilja á eignum og fjármunum búins, eftir að opinberra skipta hafði verið krafist, verður að telja, að gegn mótmælum sóknaraðilja hafi þær verið varnaraðilja óheimilar.

Þetta á við um ráðstöfun 3ja herb. íbúðar að Skarphéðingsgötu 6, Reykjavík, sölu hlutabréfa í Görðum h/f og sölu bifreiðarinnar L 1566.

Lagaheimild brestur til að undanskilja bifreiðina L 1566 eignum búins, enda hefur kvöð sú, er á bifreiðinni hvíldi vegna eftirgjafar aðflutningsgjalda, verið afnumin.

Eignir þessar eða andvirði þeirra ber því að telja með, er metinn er fjárhagur búins við arfsúthlutun til sóknaraðilja.

Af ákvæðum 35. gr. skiptalaga nr. 3/1878 leiðir þó, að skiptaréttur er ekki til þess bær að rifta greindum ráðstöfunum varnaraðilja að lögum, þar sem um er að ræða löggerninga við aðilja, er utan búins standa. Varðandi peningagreiðslur þær, sem til búins féllu vegna sölu varnaraðilja á búfenaði og fl. samkvæmt kaupsamningi, dag. 7, júní 1979, liggur fyrir, að þeim fjármunum var varið til kaupa á íbúðinni að Skarphéðingsgötu 6, Reykjavík, og innifelast því í þeirri eign. Krafa sóknaraðilja um það, að hluti kaupverðsins, kr. 34.900.00, falli til búins sem sérstök eign, verður því ekki tekin til greina.

Ekki þykir efni til að ætla, að búið eigi aðrar eignir en fram hafa komið við skiptameðferð fram að þessu, og verður krafa sóknaraðilja um innköllun í því sambandi ekki tekin til greina.

Það er ekki ágreiningsatriði með aðiljum, að jörðin Smáratún, Fljóts-hlíðarhreppi, ásamt meðfylgjandi húsum og mannvirkjum sé eign búins.

Varðandi skuldir búins almennt verður engu slegið föstu um þær á þessu stigi skiptameðferðar, enda ljóst, að þær geta breyst frá upphafi og til loka skiptanna. Í þessu sambandi má benda á, að komi til riftunar á samningi varnaraðilja og Sigurbjargar Guðjónsdóttur varðandi íbúðina að Skarphéðingsgötu 6, Reykjavík, má gera ráð fyrir fjárkröfu hennar á hendur búinu.

Hvað viðkemur kaupkröfu varnaraðilja á hendur búinu verður eigi fallist á réttmæti hennar, enda leiða réttarreglur um óskipt bú til þess, að slík krafa stenst ekki. Ber því að synja um hana.

Lögum samkvæmt á varnaraðili rétt til þess að fá eignir búins lagðar sér út eftir virðingu, sbr. 46. og 47. gr. skiptalaga, en eigi þykir unnt að taka þá kröfu hans til meðferðar nú, heldur beri að fjalla um hana sérstak-

lega á síðara stigi skiptameðferðarinnar. Ber því að vísa þeirri kröfu frá að svo stöddu.

Varðandi þær kröfur sóknaraðilja, að gripið verði til viðeigandi aðgerða og ráðstafana til riftunar og endurheimtu þeirra verðmæta, sem ráðstafað hefur verið í bága við kröfur hans varðandi sérstakar ráðstafanir af hálfu skiptaráðanda til tryggingar fébótakrafna, sem varða meðferð varnaraðilja á búinu, svo og varðandi þá kröfu, að varnaraðili verði sviptur umráðum búins, þá þykir ekki unnt að fjalla um þær efnislega í þessum þætti málsins, heldur beri að taka þær til meðferðar sérstaklega. Ber því að vísa þeim frá að svo stöddu.

Samkvæmt framansögðu verður niðurstaða málsins þessi samandregin:

Til grundvallar skiptum skal leggja eignir búins, eins og þær voru á þeim tíma, er krafa sóknaraðilja um skipti kom fram.

Ráðstafanir varnaraðilja á eignum búins eftir þann tíma teljast óheimilar, þ. m. t. ráðstöfun 3ja herb. íbúðar að Skarphéðinsgötu 6, Reykjavík, sala hlutabréfa í Görðum h/f og bifreiðarinnar L 1566, og ber að telja eignir þessar eða andvirði þeirra með, er metinn er fjárhagur búins við arfsúthlutun til sóknaraðilja.

Krafa sóknaraðilja um það, að hluti kaupverðs, kr. 34.980.00 vegna sölu lausafjár falli til búins sem sérstök eign, er ekki tekin til greina.

Krafa sóknaraðilja um sérstaka könnun og frekari eignainnköllum er ekki tekin til greina.

Kaupkröfu varnaraðilja í búið er synjað.

Kröfu varnaraðilja um útlagningu eigna búins er vísað frá að svo stöddu.

Kröfu sóknaraðilja um sérstakar riftunarráðstafanir til endurheimtu eigna búins, kröfu um ráðstafanir til tryggingar fébótakrafnanna úr hendi varnaraðilja og kröfur sóknaraðilja um, að varnaraðili verði sviptur umráðum búins, öllum þessum kröfum er vísað frá að svo stöddu.

Af framangreindu leiðir, að framsettar sjálfstæðar kröfur varnaraðilja um búskiptin og skiptameðferðina ná ekki fram að ganga og verða ekki teknar til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gjafvarnarkostnaður málsins samkvæmt gjafvörn dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 13. okt. sl, telst einungis eiga við kostnað í þessum þætti skiptanna, en tekur ekki til kostnaðar vegna fyrri úrskurða eða málsmeðferðar við skipti þessi.

Gjafvarnarkostnaður, þar með talin málflutningsþóknun til skipaðs talsmanns varnaraðilja, Páls S. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákvarðast kr. 8.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Uppsaga úrskurðar þessa hefur dregist nokkuð vegna mikilla enbættis-
anna dómarans um þessar mundir.

Eggert Óskarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp
úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Til grundvallar skiptum skal leggja eignir búins, eins og þær voru
á þeim tíma, er krafa sóknaraðilja um skipti kom fram.

Ráðstafanir varnaraðilja á eignum búins eftir þann tíma teljast
óheimilar, þ. m. t. ráðstöfun 3ja herb. íbúðar að Skarphéðinsgötu 6,
Reykjavík, sala hlutabréfa í Görðum h/f og bifreiðarinnar L 1566,
og ber að telja eignir þessar eða andviðri þeirra með, er metinn er fjár-
hagur búins við arfsúthlutun til sóknaraðilja.

Krafa sóknaraðilja um það, að hluti kaupverðs, kr. 34.900, vegna
sölu lausafjár falli til búins sem sérstök eign, er ekki tekin til greina.

Krafa sóknaraðilja um sérstaka könnun og frekari eignainnköllum
er ekki tekin til greina.

Kaupkröfu varnaraðilja í búið er synjað.

Kröfu varnaraðilja um útlagningu eigna búins er vísað frá að svo
stöddu.

Kröfu sóknaraðilja um sérstakar rifturnarráðstafanir til endurheimtu
eigna búins, kröfu um ráðstafanir til tryggingar fébótakrafnanna úr
hendi varnaraðilja og kröfu um, að varnaraðili verði sviptur umráðum
búins, er öllum vísað frá að svo stöddu.

Framsettar kröfur varnaraðilja um skiptameðferðina og búskiptin
eru ekki teknar til greina.

Málkostnaður fellur niður.

Gjafvarnarkostnaður, þar með talin málflutningsþóknun til skipaðs
talsmanns varnaraðilja, Páls S. Pálssonar þéstaréttarlögmanns, kr.
8.000.00, greiðist úr ríkissjóði.